

**REGLUGERÐ****um bann við togveiðum á Vopnafjarðargrunni.****1. gr.**

Pangað til öðru vísi verður ákvæðið eru veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði á Vopnafjarðargrunni, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 66°22'N og 13°05'V
2. 66°23'N og 12°12'V
3. 66°03'N og 12°33'V
4. 65°59'N og 13°27,5'V.

**2. gr.**

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætta opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4 desember 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja  
nr. 291 29. maí 1979.****1. gr.**

Við 5. gr. bætist nýr stafliður:

- k. Verð lyfja skal ávallt rita á lyfseðil. Verð umbúða samkvæmt reglum lyfja-verðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

**2. gr.**

6. gr. stafliður h orðist svo:

- h. Lyfseðla, er hljóða á eftirritunarskyld lyf og hafa verið afgreiddir, skal senda Lyfjaeftirliti ríkisins í ábyrgðarpósti fyrir 10. næsta mánaðar eftir að lyfið hefur verið afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta í sjúkrasamlagi, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

**3. gr.**

7. gr. stafliður a orðist svo:

- a. Lyfseðlar eru ógildir þremur mánuðum eftir útgáfudag.